

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

**2016**

Lífeyrissjóður bankamanna  
Skiopholti 50b  
105 Reykjavík

Kt. 510169-4259

---

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

**2016**

## **Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar	2-4
Áritun stjórnar	5
Áritun endurskoðenda	6-7

## **Ársreikningur Hlutfallsdeildar**

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	11
Skýringar	12-26

## **Ársreikningur Aldursdeildar**

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	27
Efnahagsreikningur	28
Yfirlit um sjóðstreymi	29
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	30
Skýringar	31-47

## **Sameiginlegt yfirlit**

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	48
Deildaskiptur efnahagsreikningur	49

---

# Skýrsla stjórnar

---

## Starfsemi og hlutverk

Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og er hlutverk sjóðsins að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins.

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð í lok ársins 2016: Friðbert Traustason, formaður, Sigurjón Gunnarsson og Ingólfur Guðmundsson voru kjörnir á ársfundi 2016 sem fulltrúar sjóðfélaga. Bergþóra Sigurðardóttir, varaformaður, er tilnefnd af bankaráði Landsbankans h.f., Ásta H. Bragadóttir er tilnefnd af bankaráði Seðlabanka Íslands og Þóra Valný Yngvadóttir er tilnefnd af aðildaryfirtækjum sameiginlega.

Starfsmenn sjóðsins eru Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri, Halldór Emil Sigtryggsson, sérfræðingur, Hulda Björk Guðmundsdóttir, ritari og Margrét Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi.

## Nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er nú í fyrsta sinn gerður samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða sem hefur í för með sér breytingar á mati og framsetningu ýmissa liða reikningsskilanna. Helsta breytingin er sú að skuldabréf eru nú metin með mismunandi hætti byggt á fyrirhuguðum eignarhaldstíma. Þannig eru þau skuldabréf, sem tekin hefur verið ákvörðun um að halda til gjalddaga, metin á afskrifuðu kostnaðarverði og á það við um meirihluta skuldabréfa í eigu beggja deilda. Önnur skuldabréf eru metin á gangvirði. Samanburðarfjárhæðum fyrra árs hefur verið breytt til samræmis. Nánari upplýsingar um áhrif breytinganna er að finna í skýringum nr. 2.

## Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Í árslok greiddi sjóðurinn 1.271 aðila lífeyri, þar af 975 úr Hlutfallsdeild en 296 úr Aldursdeild. Í Hlutfallsdeild námu lífeyrisgreiðslur ársins kr. 2.281 milljón samanborið við kr. 2.190 milljónir árið áður og hækkuðu því um 4,2% milli ára. Í Aldursdeild námu lífeyrisgreiðslur ársins kr. 310 milljónum samanborið við kr. 257 milljónir árið áður og hækkuðu því um 21% milli ára.

## Fjöldi sjóðfélaga og iðgjöld

Í árslok greiddu 2.025 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 164 í Hlutfallsdeild og 1.861 í Aldursdeild. Í árslok 2015 greiddu 202 sjóðfélagi iðgjöld í Hlutfallsdeild og 1.909 í Aldursdeild eða alls 2.111. Heildariðgjöld til Hlutfallsdeildar námu 201 milljón á árinu 2016 samanborið við 209 milljónir árið áður. Í Aldursdeild námu heildariðgjöld 1.862 milljónum samanborið við 1.764 milljónir árið áður.

## Staða sjóðsins, ávöxtun og rekstrarkostnaður

Heildareignir Lífeyrissjóða bankamanna námu kr. 71.260 milljónum í lok árs 2016 sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru eignir alls kr. 38.470 milljónir eða 54% og í Aldursdeild kr. 32.789 milljónir eða 46%.

Hrein nafnávöxtun Hlutfallsdeildar nam 5,3% á árinu 2016 sem samsvarar 3,3% raunávöxtun samanborið við 4,5% raunávöxtun á árinu 2015. Í Aldursdeild nam nafnávöxtun 1,9% sem samsvarar -0,12% raunávöxtun samanborið við 7,8% raunávöxtun á árinu 2015. Í samanburði milli ára munar mestu um styrkingu íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum um 15% sem olli því að ávöxtun erlendra eigna var verulega neikvæð í krónum mælt. Þá varð mikill viðsnúningur í þróun hlutabréfaverðs en Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkaði um 9% á árinu samanborið við 43% hækkun árið 2015.

Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður að teknu tilliti til kostnaðarpátttöku aðildarfélaga Hlutfallsdeildar, nam 97 milljónum króna samanborið við 110,4 milljónir árið áður. Munar þar mestu um kostnað vegna starfsloka framkvæmdastjóra á árinu 2015. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna var því 0,14%.

# Skýrsla stjórnar

---

## Tryggingafræðileg staða

Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt miðað við 31. desember 2016 sem sýnir að heildarskuldbindingar Hlutfallsdeildar námu 4,02% umfram heildareignir samanborið við 2,63% árið áður. Hjá Aldursdeild námu heildarskuldbindingar 3,62% umfram heildareignir samanborið við 0,47% árið áður. Auk áhrifa lægri raunávöxtunar milli ára er lakari tryggingafræðileg staða er tilkomin vegna breyttra forsendna um dánar- og lífslíkur sem nú byggja á nýjum dánar- og eftirlífendatöflum útgefnu af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Að öðru leyti eru forsendur óbreyttar milli ára. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu deilda má finna í sérstöku yfirliti og í skýringu 14 og 15.

## Lán til sjóðfélaga á árinu.

Á árinu varð veruleg aukning í lánveitingum til sjóðfélaga sem þrefölduðust milli ára. Voru samþykktar 37 lánveitingar, alls að fjárhæð kr. 591,3 milljónir og var meðalfjárhæð því 16 milljónir samanborið við 15 milljónir árið áður. Hámarkslánsfjárhæð er nú kr. 35 milljónir og nær lánsréttur til allra þeirra sem eiga réttindi hjá sjóðnum. Vextir eru nú 3,5%, breytilegir skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

## Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin og miðar að því að ná sem bestri ávöxtun innan þeirra marka um áhættu sem hvor deild setur sér.

Í Hlutfallsdeild tekur fjárfestingarstefnan mið af því að fjöldi aðila á lífeyri mun hærri en fjöldi þeirra sem greiða iðgjöld til deildarinnar. Há lífeyrisbyrði Hlutfallsdeildar krefst varfærinnar fjárfestingarstefnu þar sem áherslan er nær eingöngu á áhættulítar eignir með þekkt greiðslufæði s.s. skuldabréf og innlán. Aðeins er miðað við að um 5% eignasafns Hlutfallsdeildar sé í hlutabréfum og ekki gert ráð fyrir fjárfestingu í erlendum verðbréfum.

Í Aldursdeild er lífeyrisbyrði fremur lág og fjöldi aðila sem greiða iðgjöld til deildarinnar mun hærri en fjöldi aðila á lífeyri og tekur fjárfestingarstefnan mið af því. Fjárfestingarstefna Aldursdeildar stefnir að eignasafni sem er 55% í skuldabréfum, 20% í innlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum og 15% í erlendum verðbréfum og 10% í innlánnum. Hefur vægi erlendra verðbréfa aukist í takt við auknar heimildir til fjárfestingar erlendis og má gera ráð fyrir frekari aukningu á næstu misserum.

Fjárfestingarstefnur beggja deilda eru endurskoðaðar reglulega og birtar á heimasíðu sjóðsins.

## Stjórnarhættir

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna leggur áherslu á góða stjórnarhætti við daglega stjórnun sjóðsins og hefur í því skyni sett sér ítarlegar starfsreglur auk starfsreglna framkvæmdastjóra og samskipta og siðareglna fyrir stjórn og starfsmenn. Fær stjórn reglulega upplýsingar frá framkvæmdastjóra um rekstur og efnahag sjóðsins og öll viðskipti hans. Stjórn hélt níu bókaða fundi á árinu.

Lífeyrissjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri og innri endurskoðenda. Auk þess eru hjá sjóðnum tveir skoðunarmenn sem kosnir eru á ársfundi og gera mánaðarlega kannanir á helstu starfspáttum sjóðsins. Þá er starfandi á vegum stjórnar þriggja manna endurskoðunarnefnd, skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum aðila óháðum stjórn. Þá starfar fyrir stjórn sérstakur regluvörður sem hefur eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnar og starfsmanna.

Skoðunarmenn sjóðsins og innri endurskoðendur hafa skilað af sér skýrslum vegna ársins 2016. Er það mat skoðunarmanna að fagleg vinnubrögð hjá sjóðnum séu í góðu lagi og að leitast sé við að fylgja lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, en álit innri endurskoðenda gefur til kynna að innra eftirlit sjóðsins sé með ágætum.

Þá hefur stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins og er hún aðgengileg á heimasíðu hans.

# Skýrsla stjórnar

---

## Málefni Hlutfallsdeildar

Í ágúst mánuði 2016 óskaði stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta tiltekin atriði varðandi samkomulag um uppgjör á ábyrgð aðildarféлага á áföllnum skuldbindingum Hlutfallsdeildar og ákvörðun iðgjaldaframlags fyrirtækjanna. Var beiðnin í samræmi við ályktun ársfundar 2016 sem fól stjórn sjóðsins að leita nauðsynlegra lagalegra úrræða til að hnekkja framangreindu uppgjóri. Í kjölfar málflutnings samþykkti Héraðsdómur matsbeiðnina í janúar 2017 og var sú niðurstaða staðfest í febrúar eftir kæru ríkislögmanns. Er þess nú beðið að dómkvaddur matsmaður taki til starfa.

## Væntanleg þróun og framtíðarhorfur

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að höfuðmarkmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga. Stjórn gerir ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á næstu árum. Þó er til skoðunar hvort fýsilegt kunni að vera að sameina deildir sjóðsins að nýju með það að markmiði að treysta rekstur hans.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neindir þeir atburðir sem hafa verulega þýðingu varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf sbr. 66. gr. laga um ársreikninga

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um ófjárhagslega upplýsingagjöf í reikningsskilum félaga sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum líkt og lífeyrissjóða. Er þar gert ráð fyrir að með skýrslu stjórnar sé birt yfirlit þar sem fram koma upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Í ljósi þess að umrætt ákvæði um ófjárhagslegar upplýsingar kom inn á miðju reikningsári 2016 og aðdragandi að innleiðingu og mótun stefnu um framkvæmd því skammur þar sem langt var liðið á reikningsárið, hefur Lífeyrissjóður bankamanna ekki enn mótað formlega stefnu varðandi birtingu nefndra ófjárhagslegra upplýsinga. Undirbúningur við þá vinnu er hafinn og er miðað við að gerð verði nánari grein fyrir málinu í skýrslu með næsta ársreikningi sjóðsins fyrir reikningsárið 2017.

Sjóðurinn hefur aðsetur að Skipholti 50b Reykjavík, sími 569 0900, símbref 569 0909, tölvupóstfang lifbank@lifbank.is, veffang er www@lifbank.is. Skuldabref sjóðsins eru til afgreiðslu í útibúi Landsbankans h.f. við Austurstræti.

# Áritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2017


## Stjórn



Friðbert Traustason



Bergþóra Sigurðardóttir



Ásta H. Bragadóttir



Ingólfur Guðmundsson



Sigurjón Gunnarsson



Þóra Valný Yngvadóttir

## Framkvæmdastjóri



Tryggvi Tryggvason

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign Lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði bankamanna í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóðs bankamanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogi, 27. mars 2017

Deloitte ehf,



Halldór Arason  
endurskoðandi



# Hlutfallsdeild

---

Ársreikningur

---

**2016**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		38.541.711	41.028.460
Iðgjöld launagreiðenda .....		150.997.733	154.555.993
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(4.805.030)	(6.556.840)
		<u>184.734.414</u>	<u>189.027.613</u>
Sérstök aukaframlög .....		16.150.429	20.242.780
		<u>200.884.843</u>	<u>209.270.393</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris .....	3	2.281.094.788	2.190.395.414
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		1.466.980	1.762.795
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		859.474	929.639
		<u>2.283.421.242</u>	<u>2.193.087.848</u>
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	4	(6.521.766)	319.414.402
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	5	1.605.193.468	1.713.438.644
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		485.356.947	466.841.691
Vaxtatekjur af handbæru fé .....		11.378.423	5.229.107
Fjárfestingargjöld .....	6	(8.478.299)	(8.343.818)
		<u>2.086.928.773</u>	<u>2.496.580.025</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	7	78.457.265	86.537.138
Hlutdeild aðildarfyrirtækja í rekstrarkostnaði .....		(43.129.771)	(42.286.059)
		<u>35.327.494</u>	<u>44.251.079</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....		(30.935.120)	468.511.492
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>38.458.904.128</u>	<u>37.990.392.636</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok .....		<u>38.427.969.008</u>	<u>38.458.904.128</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfesting</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	8	1.652.157.817	1.289.171.563
Skuldabréf .....	9	28.806.273.290	28.257.507.980
Bundnar bankainnstæður .....		7.408.199.605	8.389.262.756
		<u>37.866.630.712</u>	<u>37.935.942.299</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		11.118.903	12.631.086
Aðrar kröfur .....		313.511.610	1.557.800
		<u>324.630.513</u>	<u>14.188.886</u>
<b>Ýmsar eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	685.981	875.095
		<u>685.981</u>	<u>875.095</u>
<b>Handbært fé .....</b>		<u>278.738.607</u>	<u>511.875.762</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>38.470.685.813</u>	<u>38.462.882.042</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur .....		4.227.853	3.804.342
Aðrar skuldir .....	15	38.488.952	173.572
<b>Skuldir samtals</b>		<u>42.716.805</u>	<u>3.977.914</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		<u>38.427.969.008</u>	<u>38.458.904.128</u>
<b>Skuldbindingar utan efnahags</b>	16		

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	2016	2015
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	202.397.026	210.542.163
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....	11.378.423	5.229.107
Aðrar inngreiðslur .....	43.129.771	42.286.059
	<u>256.905.220</u>	<u>258.057.329</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	2.245.105.862	2.192.158.209
Rekstrarkostnaður .....	77.844.640	71.317.461
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	0	114.262
Aðrar útgreiðslur .....	30.590.604	0
	<u>2.353.541.106</u>	<u>2.263.589.932</u>
<b>Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestingar .....</b>	<u>(2.096.635.886)</u>	<u>(2.005.532.603)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	15.698.154	1.058.480.109
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	(2.769.891.100)	(677.163.283)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	2.383.017.167	659.377.914
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....	2.184.759.175	1.093.307.956
Keypt skuldabréf .....	(2.168.596.087)	(920.459.675)
Seld skuldabréf .....	752.091.324	727.840.477
Endurgreidd bundin innlán .....	1.466.420.098	0
	<u>1.863.498.731</u>	<u>1.941.383.498</u>
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé .....	(233.137.155)	(64.149.105)
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>511.875.762</u>	<u>576.024.867</u>
Handbært fé í árslok .....	<u>278.738.607</u>	<u>511.875.762</u>

# Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2016

## Tryggingafræðileg staða 2016

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	38.428,0		38.428,0
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	594,8		594,8
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....	(5,5)		(5,5)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....	(157,6)		(157,6)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	(295,2)	(31,2)	(326,4)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		1.245,2	1.245,2
Eignir samtals.....	<u>38.564,4</u>	<u>1.214,0</u>	<u>39.778,4</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir.....	31.934,8	1.578,6	33.513,4
Örorkulífeyrir.....	1.012,6	75,8	1.088,4
Makalífeyrir.....	5.023,4	137,8	5.161,2
Barnalífeyrir.....	5,1	1,8	6,9
95 ára regla.....	849,9	253,7	1.103,6
Endurgreiðsla iðgjalda.....	569,7		569,7
Skuldbindingar samtals.....	<u>39.395,5</u>	<u>2.047,7</u>	<u>41.443,2</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	(831,1)	(833,7)	(1.664,8)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	-2,11%	-40,71%	-4,02%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	-1,24%	-30,68%	-2,63%

## Tryggingafræðileg staða 2015

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	37.121,1		37.121,1
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	1.641,1		1.641,1
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....	(43,3)		(43,3)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....	(154,3)		(154,3)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	(278,7)	(31,2)	(309,9)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		1.362,7	1.362,7
Eignir samtals.....	<u>38.285,9</u>	<u>1.331,5</u>	<u>39.617,4</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir.....	31.220,6	1.449,1	32.669,7
Örorkulífeyrir.....	1.138,3	84,8	1.223,1
Makalífeyrir.....	4.829,4	134,3	4.963,7
Barnalífeyrir.....	4,5	1,8	6,3
95 ára regla.....	1.005,3	250,9	1.256,2
Endurgreiðsla iðgjalda.....	570,1	,0	570,1
Skuldbindingar samtals.....	<u>38.768,2</u>	<u>1.920,9</u>	<u>40.689,1</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	(482,3)	(589,4)	(1.071,7)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	-1,24%	-30,68%	-2,63%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	0,04%	-16,52%	-0,76%

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður bankanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Aldursdeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Greiddur er ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

### Lífeyrisréttindi

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Að öðru leyti eru réttindi óháð aldri sjóðfélaga. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda.

Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduáðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum SSF og viðsemjanda þess. Launamönnum SSF sem greiða til þessarar deildar sjóðsins ber að greiða 4% af grunnlaunum sínum á móti 14,4% framlagi atvinnurekenda eða samtals 18,4% sem kallast lágmarksiðgjald.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins (FME) um ársreikninga lífeyrissjóða.

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum. Þær eru nokkuð breyttar frá síðasta ári, til samræmis við nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða. Reglurnar komu til framkvæmda við gerð ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2015 en Lífeyrissjóður bankanna nýtti sér heimild 52. gr. sömu reglna til að fresta upptöku þeirra til ársins 2016.

Í þessum nýju reglum er meginreglan sú að eignir skuli metnar á gangvirði. Á þessari reglu er byggt í ársreikningi þessum og eru samanburðartölur frá fyrra ári lagfærðar til samræmis. Þetta hefur þau áhrif að við breytingar á mati á skuldabréfaeign sjóðsins mv. árslok 2015 hækkar virði téðra eigna um 1.337,8 milljónir króna. Sama hækkun verður á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris frá fyrra ári. Aðrar eignir sjóðsins voru áður metnar á gangvirði og breytast matsaðferðir á þeim eignum því ekki við þessa breytingu. Nánari grein er gerð fyrir breytingunum í skýringum sem fylgja viðkomandi eignaflokki. Hér fyrir neðan má sjá hver hrein raunávöxtun sjóðsins var, og hver breyting á hreinni eign og hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var á verðlagi hvors árs, annars vegar miðað við eldri aðferð og hins vegar miðað við nýja aðferð. Fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna.

	2016	2015
Hrein raunávöxtun m.v. eldri reglur.....	3,99%	4,84%
Hrein raunávöxtun m.v. nýjar reglur.....	3,32%	4,54%
Breyting á hreinni eign m.v. eldri reglur.....	143.966	468.511
Breyting á hreinni eign m.v. nýjar reglur.....	(30.935)	468.511
Hrein eign til greiðslu lífeyris - eldri reglur.....	37.265.085	37.121.119
Hrein eign til greiðslu lífeyris - nýjar reglur.....	38.427.969	38.458.904

# Skýringar

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
Evra ( EUR ).....	133,59	146,30	118,8	140,93

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar þau leiða til ávinnslu réttinda sjóðfélaga hjá sjóðnum. Óinnheimt iðgjöld í árslok eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði á milli lífeyrissjóða.

### Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat.

### Hreinar fjárfestingartekjur

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

Undir hreinar tekjur af skuldabréfum falla vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningskiladegi.

Undir fjárfestingargjöld falla öll fjárfestingargjöld og allar þóknar fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs. Undir þennan lið falla einnig þau fjárfestingargjöld sem ekki falla undir liði 3.1 -3.5 í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða 335/2015.

### Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

### Fjárfesting

Fjárfesting sjóðsins skiptist í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestingar eru eftirfarandi:

Eignarhlutar í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf. Eignarhlutar í félögum og sjóðum eru eignfærð á gangvirði.

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga og útlán til sjóðfélaga, slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Matsaðferðir fjárfestingar

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerna sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok tímabils, en gangvirði annarra fjárfestingar í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 12. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

Við mat á útlánum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarniðurfærslan nemur um 0,04% af eignasafninu. Nánari sundurliðun á niðurfærslu er að finna í skýringu 10.

### Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikning á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlgur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðsins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Lífeyrir

	2016	2015
Ellilífeyrir .....	1.906.970.718	1.817.375.403
Örorkulífeyrir .....	135.736.736	141.891.473
Makalífeyrir .....	229.733.016	224.151.180
Barnalífeyrir .....	389.808	563.056
Dánarbætur.....	8.264.510	6.414.302
	<u>2.281.094.788</u>	<u>2.190.395.414</u>



# Skýringar

## 4. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

	2016	2015
Arðgreiðslur .....	14.308.096	1.982.919
Gangvirðisbreytingar vegna innlendra eigna .....	(19.442.275)	307.422.694
Gangvirðisbreytingar vegna erlendra eigna .....	0	9.509.504
Gjaldmiðlabreyting .....	(1.387.587)	499.285
	<u>(6.521.766)</u>	<u>319.414.402</u>

Breytingar á gangvirði greinast þannig niður á fjárfestingu:

	2016	2015
Landsbankinn - Veltubréf .....	23.442.409	7.376.829
Landsbankinn - Úrvalsbréf .....	(10.966.416)	72.328.767
Landsbankinn - Öndvegisbréf .....	(16.046.739)	72.531.671
Júpiter - innlend hlutabréf .....	(7.048.375)	46.641.530
Kaupþing IS-15 .....	(18.769.746)	52.227.947
Síminn hf .....	(20.867.898)	33.346.049
Horn II slhf .....	27.912.496	16.265.851
Edda slhf .....	869.113	(3.993.607)
Horn 3 slhf .....	(1.733.332)	0
Eignarhaldsfélagið Fjarskipti hf .....	330.890	1.861.883
Bakkavör Group .....	0	9.509.504
Landsbankinn - Fyrirtækjabréf .....	377.504	5.673.348
Skýrr .....	0	1.604.626
Aðrar breytingar á gangvirði .....	3.057.819	1.557.800
	<u>(19.442.275)</u>	<u>316.932.198</u>

## 5. Hreinar tekjur af skuldabréfum

	2016	2015
Vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknarir .....	1.605.193.468	1.713.438.644
	<u>1.605.193.468</u>	<u>1.713.438.644</u>

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum:

	Gangvirði	Kostnaðarverð	2016
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	358.409.019	1.036.066.031	1.394.475.050
Skuldabréf sveitarfélaga .....	0	2.957.423	2.957.423
Skuldabréf lánastofnana .....	0	16.639.351	16.639.351
Skuldabréf fyrirtækja .....	0	152.623.793	152.623.793
Veðlán sjóðfélaga .....	0	38.497.851	38.497.851
	<u>358.409.019</u>	<u>1.246.784.449</u>	<u>1.605.193.468</u>

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum:

	Gangvirði	Kostnaðarverð	2015
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	498.200.773	975.218.582	1.473.419.355
Skuldabréf sveitarfélaga .....	0	20.549.299	20.549.299
Skuldabréf lánastofnana .....	0	61.042.755	61.042.755
Skuldabréf fyrirtækja .....	0	111.691.791	111.691.791
Veðlán sjóðfélaga .....	0	46.735.444	46.735.444
	<u>498.200.773</u>	<u>1.215.237.871</u>	<u>1.713.438.644</u>

# Skýringar

## 6. Fjárfestingargjöld

	2016	2015
Þóknanir vegna verðbréfavíðskipta .....	111.222	536.388
Önnur fjárfestingargjöld .....	8.367.077	7.807.430
	<u>8.478.299</u>	<u>8.343.818</u>

Lífeyrissjóðurinn fjárfestir í ýmsum sjóðum þar sem kostnaður vegna umsýslu er gjaldfærður og leiðir það til lægri fjárfestingartekna hjá Lífeyrissjóði bankamanna. Þessi kostnaður liggur í sumum tilfellum fyrir en er áætlaður í öðrum. Alls er áætlað að þessi kostnaður geti verið um 15,9 millj. kr. á árinu 2016, vegna verðbréfaeignar Hlutfallsdeildar og skiptist þannig:

	2016	2015
Umsýsluþóknun vegna eignaumsýslu - innlendir sjóðir .....	15.871.223	15.240.073

## 7. Rekstrargjöld

### 7.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

	2016	2015
Laun og launatengd gjöld.....	36.245.346	43.396.190
Endurskoðun .....	6.717.394	5.421.355
Innri endurskoðun.....	1.443.673	1.183.464
Tryggingafræðileg aðstoð.....	2.422.037	3.286.990
Önnur aðkeypt þjónusta.....	6.043.648	6.133.727
Annar kostnaður.....	25.585.167	27.115.412
	<u>78.457.265</u>	<u>86.537.138</u>

### 7.2 Laun og launatengd gjöld:

	2016	2015
Laun starfsfólks.....	25.048.934	30.873.029
Stjórnarlaun.....	4.357.645	4.570.491
Launatengd gjöld .....	6.838.767	7.952.670
	<u>36.245.346</u>	<u>43.396.190</u>
Stöðugildi að meðaltali.....	4	5

### 7.3 Laun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefndar:

	2016	2015
Tryggvi Tryggvason, framkvæmdarstjóri.....	8.292.844	2.469.864
Ólafur Kr. Valdimarsson, fyrrv. framkvæmdarstjóri.....	0	8.968.967
Friðbert Traustason, stjórnarformaður.....	1.008.267	1.015.822
Landsbankinn hf. v/Bergþóru Sigurðardóttur, varaformanns.....	703.247	712.064
Helgi H. Steingrímsson.....	0	541.112
Sigurjón Gunnarsson.....	706.875	710.651
Þóra Valný Yngadóttir.....	475.529	541.112
Ingólfur Guðmundsson.....	397.391	0
Seðlabanki Íslands v/Ástu H. Bragadóttur.....	756.357	760.397
Stefán Svavarsson, formaður endurskoðunarnefndar.....	359.717	339.078
	<u>12.700.227</u>	<u>16.059.067</u>

Innifalið í launum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefndar eru heildarlaun og þóknanir vegna starfa í þágu lífeyrissjóðsins. Þá eru meðtalin hlunnindi, aukið móttframlag í séreignarsjóð og þóknun vegna starfa sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar sjóðsins sem og setu í nefndum og stjórnnum sem hann er tilnefndur í af hálfu sjóðsins ef það á við.

# Skýringar

---

## 7. Rekstrargjöld (framhald)

### 7.4 Þóknanir til ytri endurskoðenda sjóðsins:

	2016	2015
Þóknun fyrir endurskoðun.....	4.961.159	3.198.972
Önnur þjónusta.....	1.756.235	2.222.383
	<u>6.717.394</u>	<u>5.421.355</u>

### 7.5 Þóknanir til innri endurskoðenda sjóðsins:

	2016	2015
Þóknun fyrir innri endurskoðun.....	1.443.673	1.183.464
	<u>1.443.673</u>	<u>1.183.464</u>

### 7.6 Þóknanir til tryggingastærðfræðings sjóðsins:

	2016	2015
Þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu.....	1.405.099	2.235.848
Önnur þjónusta.....	1.016.938	1.051.142
	<u>2.422.037</u>	<u>3.286.990</u>

# Skýringar

## 8. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

	31.12.2016	31.12.2015
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	356.164.978	349.885.180
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum .....	1.295.992.839	939.286.383
	<u>1.652.157.817</u>	<u>1.289.171.563</u>

### Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

